

(2ja herb. kjallaraíbúð, $\frac{1}{3}$ hl. húseignarinnar). Umboðsmaður gerðarbeiðanda upplýsir, að gerðarþoli hafi keypt íbúð af gerðarbeiðanda, Ingólfi Árnasyni, og var gengið frá sölunni á skrifstofu Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns. Gerðarþoli hefur ekki látið þinglýsa afsali um íbúðarkaupin. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 114/1969. **Jón Magnússon**
 gegn
Erlu Emilsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 30. maí 1969, hingað kominni 19. júní s. á., kært til Hæstaréttar frávísunardóm í máli aðilja. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Kærumálskostnaðar krefst hann úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borizt.

Gervi víxils þess, sem í málinu greinir, er í lagi, sbr. 1. og 80. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dóms.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, Erla Emilsdóttir, greiði sóknaraðilja, Jóni Magnússyni, kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. apríl s.l., af Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, Tryggvagötu 8, Reykjavík, gegn Erlu Emilsdóttur, Glaðheimum 26, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð samtals danskar krónur 329.00, útgefins 11. desember 1968 af stefnda til greiðslu í Verzlunarbanka Íslands h/f hér í bæ 25. desember 1968. Víxill þessi er framseldur nafnframsali af Verzlunarbanka Íslands h/f til stefnanda.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, danskar kr. 329.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 25. desember 1968 til greiðsludags, kr. 9.00 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Svo sem gildir um víxla, er víxill sá, sem fram er lagður, slitinn úr samhengi við lögskipti þau, sem að þaki hans lágu, og verður því að dæma hann sjálfstætt án tillits til þeirra. Víxillinn er út af fyrir sig í löglegu formi, einnig að því er snertir víxilfjárhæðina, sbr. 1. gr. og 41. gr. laga nr. 93/1933. Það efni hans þykir hins vegar brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 71/1966 per analogiam. Samkvæmt skýlausu ákvæði þessu er skuldbinding stefnda við stefnanda í erlendum gjaldeyri ógild. Þar sem ekkert liggur fyrir því til styrktar, að skuldbinding aðiljanna skuli vera undanþegin ákvæði þessu, ber að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður eigi dæmdur.